

Ár 2019, föstudaginn 22. febrúar, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærmálinu nr. 1/2019:

Knattspyrnufélagið Valur

gegn

Knattspyrnufélaginu Haukum

Málið dæmir: Bjarki Þór Sveinsson.

Mál þetta var höfðað með kæru innsendri til skrifstofu HSÍ föstudaginn 15. febrúar 2019. Eftir yfirferð dómsformanns á formsatriðum var málinu úthlutað til undirritaðs dómara laugardaginn 16. febrúar 2019 til efnismeðferðar.

Með vísan til 5. mgr. 37. gr. laga HSÍ var kærða (Knattspyrnufélaginu Haukum) gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð. Með tölvupósti 18. febrúar 2019 tilkynnti kærði að hann myndi ekki halda uppi vörnum í málinu, jafnframt greindi kærði frá því að engin kæra hefði verið lögð fram af hálfu hans. Dómari óskaði eftir athugasemdum frá skrifstofu HSÍ með vísan til 6. mgr. 37. gr. laga HSÍ og bárust þær með tölvupósti 18. febrúar 2019.

Með hliðsjón af þeirri afstöðu kærða að taka ekki til varna, og með vísan til 7. mgr. 37. gr. laga HSÍ, hefur dómur ákveðið, með samþykki málsaðila, að hvorki sé þörf á þinghaldi né munnlegum málflutningi. Aðilar fengu færi á að koma að viðbótarathugasemdum og voru senda inn athugasemdir af hálfu kæranda 21. febrúar 2019. Málið var dómtekið þann dag.

Frammi liggja eftirfarandi dómskjöl: Nr. 1. Kæra ásamt þremur fylgiskjölum. Nr. 2. Leikskýrsla. Nr. 3. Skýrsla dómara um leik. Nr. 4. Athugasemdir frá HSÍ. Nr. 5. Tilkynning til mótanefndar um málið. Nr. 6. Tölvupóstur frá kærða. Nr. 7. Tölvupóstur frá kæranda.

Dómkröfur

Kærandi gerir þær kröfur **aðallega** að úrskurður mótanefndar HSÍ þann 14. febrúar 2019 að úrskurða leik Vals og Hauka í Coca Cola bikar 3. fl. kvenna tapaðan 10-0 verði knekkt og rétt úrslit leiksins látin standa. Til **vara** krefst kærandi að sami úrskurður verði hnekkt og leikurinn spilaður aftur.

Málsatvik

Þann 9. febrúar 2019 fór fram leikur Vals og Hauka í Coca Cola bikar 3. fl. kvenna að Hlíðarenda. Mun liðstjóri Vals hafa ritað leikskýrsluna fyrir hönd félagsins með þeim hætti að 13 leikmenn voru skráðir á hana en eftir var einn óúfylltur leikmannareitur. Skýrslan var óundirrituð af forsvarsmönnum Vals. Forsvarsmaður Hauka fyllti svo leikskýrsluna út fyrir hönd þess félags og afhenti á ritaraborð. Dómarar leiksins yfirfóru ekki leikskýrsluna áður en leikur var flautaður á. Þannig er óumdeilt að dómarar leiksins gættu ekki að þeirri skyldu þeirra sem fram kemur í 5.

mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ um handsknattleiksmót. Strax í kjölfar þess að leikur hófst var dómurum leiksins bent á að inn á vellinum væri leikmaður hjá Val sem ekki væri skráður á leikskýrsluna. Var leikmanninum vikið af velli og viðkomandi liðstjóra gefið gult spjald. Leikurinn var síðan spilaður.

Leiknum lauk með sigri Vals 27-19.

Kærandi gefur þá lýsingu að umræddur leikmaður hafi verið í aðhlyningu í öðrum klefa þegar skráning leikskýrslu fór fram og hefði starfsmaður Hauka ekki afhent liðsstjóra og þjálfara Vals skýrsluna aftur til lokayfirferðar.

Þann 11. febrúar 2019 barst kæranda erindi frá mótanefnd HSÍ þar sem honum var gefinn kostur á að senda inn greinargerð vegna formlegrar tilkynningar frá dómurum leiksins á málsatvikum. Niðurstaða mótanefndar HSÍ var tilkynnt 14. febrúar 2019 þess efnis að úrskurðað var að kærandi myndi tapa leiknum 10-0. Er í úrskurði mótanefndar vísað til 32. gr. reglna um handsknattleiksmót, en þar segir:

Félag sem notar leikmann/þjálfara í leikbanni eða leikmann/þjálfara sem er að öðru leyti ólöglegur og slíkt er tilkynnt inn til mótanefndar með formlegum hætti innan 48 tíma frá lokum leiks, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-10 þar sem leiktími er 2 * 30 min. nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Þar sem leiktími er styttri skal notast við 0-5.

Málsástæður aðila

Kærandi, Knattspyrnufélagið Valur, byggir á því að dómamar leiksins hefðu átt að yfirfara leikskýrslu og ekki flauta leikinn á fyrr en bætt hefði verið úr ágöllum, þ.e. að gæta þess að ábyrgur starfsmaður undirritaði leikskýrsluna. Fyrr hefði ekki mátt flauta leik á. Hefðu dómamar leiksins fylgt eftir ákvæðum 7. gr. reglugerðar HSÍ um handsknattleiksmót, um undirritun, hefðu umrædd mistök ekki átt sér stað.

Þá byggir kærandi á því að það sé verulega ósanngjarnt, þegar ljóst sé að dómamar leiksins hafi ekki staðið réttilega að framkvæmd leiksins, að niðurstaða mótanefndar HSÍ kveði á um að kæranda verði gert að þola tap í leik sem þeir þó sigruðu í.

Þá bendir kærandi á að samkvæmt leikreglum HSÍ sem tóku gildi 1. júlí 2016 segir í 3. mgr. greinar 4:2 skuli refsar „ábyrgum liðsfulltrúa“ persónulega ef vanræksla verður á skráningu leikskýrslu. Samkvæmt 2. mgr. 4:3 sé heimilt að færa þá leikmenn á leikskýrslu sem mæta eftir að leikur er hafinn. Þannig sé opnað á þann möguleika á að bæta við nafni á leikskýrslu. Einnig vísar kærandi til þess að hinum brotlega leikmanni skuli refsað skv. reglu 16:3a sem kveður á um 2. mín. brottvísun.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Niðurstaða

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar.

Miðað við kröfugerð kæru kemur einungis til skoðunar dómstólsins hvort úrskurður mótanefndar um 10-0 tap kæranda í umræddum leik skuli vera óraskaður eða breyttur. Þannig tekur dómstólinn ekki afstöðu til umfjöllunar í kæru um hvaða viðurlög hefði átt að veita tilgreindum leikmanni. Þess ber þó að geta að kærandi heldur því fram að leikmanni hafi verið sýnt rautt spjald. Samkvæmt frásögn dómara leiksins var leikmanni vikið af velli. Dómstólinn telur ekki mögulegt að gefa aðila sem ekki er skráður á leikskýrslu rautt spjald.

Samkvæmt 1. mgr. greinar 4:3 í leikreglum HSÍ hefur leikmaður rétt til þátttöku ef hann er til staðar við upphaf leiks og er skráður á leikskýrslu. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er sú undantekning veitt að ef leikmaður mætir eftir að leikur er hafinn, verði hann að fá þátttökurétt hjá tímaverði/ritara og verður að færa hann á leiksskýrslu. Samkvæmt lýsingu kæranda virðist umræddur leikmaður hafa verið til staðar við upphaf leiksins og óumdeilt er að ekki var óskað eftir undanþágu til að beita 2. mgr. greinarinnar. Lítur dómstólinn því svo á að umræddur leikmaður hafi ekki átt rétt til þátttöku í leiknum. Samræmist sú niðurstaða einnig 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót um að ekki sé heimilt að breyta leiksskýrslu eftir að leikur hefst né bæta leikmönnum inn á hana.

Kemur þá til skoðunar dómsins hvort beita eigi 32. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót með þeim hætti að kærandi teljist hafa tapað leiknum með markatökunni 10-0.

Skilyrði til beitingar slíkrar ákvörðunar er að félag hafi notað leikmann og leikmaðurinn hafi að öðru leyti verið ólöglegur. Fyrir liggur að umræddum leikmanni var vikið af leikvelli strax á fyrstu mínútu leiksins og var markatalan þá 0-0. Þó svo að telji verði að allir leikmenn og starfsmenn sem taka þátt í leik hafi verið notaðir, hvort sem þeir hafi spilað inn á vellinum eða ekki, verður að taka mið af því að „notkun“ liðsins á leikmanninum í umræddum leik hafi verið hverfandi og ekki haft nein áhrif á úrslit leiksins. Þá verður einnig að taka til skoðunar að dómurum leiksins hefði eftir atvikum verið rétt að ljúka leik ef þeir hefðu verið þeirrar skoðunar að leikmaður hefði haft áhrif á leikinn. Þó ekki finnist fyrir því bein lagaregla verður að telja óeðlilegt að spilaðar séu yfir 59 mínútur af bikarleik ef öllum mætti vera ljóst að yrði ógiltur og markatalan 10-0 sett á.

Þá verður jafnframt að líta til þess dómurum leiksins bar að yfirfara leikskýrslu áður en leikur var flautaður á og þar með óska eftir undirritun fyrirsvarsmanns kæranda. Það kann að vera orsakasamband vera á milli þeirra mistaka dómara að yfirfara ekki skýrsluna fyrir upphaf leiks og þess að viðkomandi leikmaður var ekki skráður á skýrslu.

Þó svo að ekki verði dregið undan skyldu félags til að fylla sinn hluta leikskýrslu rétt út, verður jafnframt að taka það til skoðunar hvort vanræksla kæranda sé með þeim hætti að beita skuli 32. gr. um ólöglega skipað lið. Ábyrgð kæranda hefur m.a. falist í því að viðkomandi leikmaður fékk ekki að taka þátt í leiknum.

Þannig lítur dómur svo á, miðað við hvernig málum er háttað í þessu máli, að ekki séu skilyrði til beitingar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót að því er varðar að ólöglegur leikmaður hafi verið notaður í leiknum.

Úrskurðarorð

Ákvörðun mótanefndar HSÍ frá 14. febrúar 2019 um að úrskurða Val 10-0 tap, í leik Vals og Hauka þann 9. febrúar 2019 í Coca Cola bikar 3. fl. kvenna, skal vera ógild og rétt úrslit skulu standa.



Bjarki Þór Sveinsson